



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Rofaborg

Starfsáætlun 2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3Error! Bookmark not defined.
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra mat deilda	7Error! Bookmark not defined.
3 Ytra mat	7
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	8
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
6 Foreldrasamvinna	10
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	11
8 Fylgigögn.....	12
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	12



Leiðarljós leikskólans: leikur – gleði – vinátta

Vinátta - Stuðlum að vináttu allra

- hafa falleg samskipti hvert við annað
- vera fær í að umgangast hvert annað
- læra að lesa í tilfinningar
- sýna hvert öðru umhyggju og hlýju



Leikur - Leikur barna er mikilvæg náms- og þroskaleið

- leikur er vinna og nám barnsins
- í leiknum fer fram mikilvæg sköpun
- börn þurfa að sýna frumkvæði og vera virk í leiknum



Gleði – Gleði er rauður þráður í daglegu starfi og athöfnum

- öllum á að líða vel í leikskólanum
- vera jákvæð gagnvart hvert öðru
- að geta sjálfur veitir gleði
- hvetja og hrósa hvert öðru

1 Greinargerð leikskólastjóra

Sumarið 2019 tók Rofaborg þátt í tilraunaverkefni um sumaropnum leikskóla í Reykjavík. Markmið verkefnisins var að gefa kost á sveigjanleika fyrir foreldra til að taka sumarleyfi á öðrum tíma en júlí og fram í ágúst sem er hefðbundinn sumarlokunar tími leikskóla á Reykjavíkursvæðinu. Mikil ánægja var með verkefnið hjá foreldrum og starfsmönnum Rofaborgar en það var ekki mikið nýtt hjá foreldrum barna í öðrum skólum í Árbæ, Norðlinga- og Grafarholti. Rofaborg verður aftur með samskonar tilraunaverkefni sumarið 2020.

Aðlögun barna dróst fram í byrjun nóvember vegna þessa að tveir deildarstjórar voru í leyfi og það gekk erfiðlega að manna í lausar stöður. Hins vegar var ráðinn nýr sérkennslustjóri í október og leikskólakennari kom í starf verkefnastjóra fjölmennings í byrjun september sem er mikilvæg og ánægjuleg viðbót við faghóp Rofaborgar. Eins og tvö undanfarin ár er vinnutímaskipulag deildarstjóra viðvera á deild kl. 8-14 og undirbúningsvinna og önnur umsýsla vegna deildarinnar s.s. fundir o.fl. frá 14-16. Mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag sem hefur skilað okkur margfalt þéttara og markvissara deildarstarfi og í leiðinni meiri fagmennsku og gæðum í starfi með börnunum.

Haustið fór í að innleiða áherslur Rofaborgar úr nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“. Rofaborg leggur áherslu á þessa þætti;

Virgni barna og þátttaka
Félagsfærni
Læsi
Sjálfsþving

Markmið verkefnisins eru;

- * Að auka málþroska barna.
- * Að efla börn í félagslegum samskiptum.
- * Að styrkja sjálfstraust og sjálfsþvingu barna.



Við skiptum vetrinum í verkefnalotur sem áætlaðar voru alls 6 skólaárið 2019 -2020. Lestraráttak var meðal starfsmanna og foreldra sem byrjaði um miðjan október og stóð fram í nóvember.

Lotur skiptust þannig;

Lota 1 .. September – október - **Útikennsla - Náttúran og umhverfið.**

Lota 2 .. Október – nóvember - **Málrækt og læsi - Þjóðsögur og ævintýri**

Lota 3 .. Nóvember – desember - **Jólaundirbúningur.**

Lota 4.. Janúar – febrúar – **Vísindastarf.**

Lota 5 .. mars – apríl - **Málrækt og læsi - Framsögn.**

Lota 6 .. maí – júní - **Útikennsla - Vorið og umhverfið.**

Byrjað var markvisst að nota TRAS skráningar fyrir öll börn. Deildarstjórar sóttu námskeið ásamt sérkennslustjóra. Símenntun starfsmanna var nokkuð mismunandi eftir stöðu starfsmanna. Tveir deildarstjórar sóttu leiðtogaskólann sem Skóla- og frístundarsvið var með. Sérkennslustjóri sótti námskeið á vegum Greiningar- og ráðgjafastöðvar. Allur hópurinn var á skipulagsdegi í september og hlustuðu á fyrirlestur „Hvorkjum nýstann hjá nýmendum“ í umsjá Helgu Marínar Bergsteinsdóttur hjá Þekkingarmiðlun. Síðar um haustið var Ellen Jacqueline Calmon verkefnastjóri með fræðslu um **Þarnasáttmálinn í leikskólastarfinu. Fræðsluþrindi um réttindi barna og Þarnasáttmálann.** Á skipulagsdegi í febrúar var námskeið í umsjá **Hugarfræðis, Öndun- Slökun og hugleiðsla.** Á námskeiðinu var fjallað um hvernig nota má öndunaræfingar, jóga, slökun og hugleiðslu í skólastarfi og hvernig starfsmenn sjálfir geta nýtt sér aðferðirnar til að efla sig sem einstaklinga. Í mars var frá gegnið að starfsmannahópurinn færi á námskeið í Tákn með tali (TMT) frá Greiningarstöð en það þurfti að fella það niður vegna Covid- 19.

Nýtt ár gekk í garð og um miðjan janúar fór af stað Lota með vísindastarfi. Hún hafði staðið í um 2 vikur þegar verkfall Eflingar skall á. Verkfallið stóð í 4 vikur. Ein deild í leikskólanum var opin þann tíma en börn fóru heim í hádegismat. Þegar verkfalli lauk tók við skert skólastarf vegna Covid- 19 faraldursins. Það verkefni fól í sér mikla vinnu og mikið skipulag og utan um hald. Leikskólinn var rekinn í sóttvarnarhólfum, hver hópur á hverri deild var sérstakt sóttvarnarhólf. Börn mættu í leikskólann í 2 daga í einu, hópur A og næstu 2 daga kom hópur B. Leikefni barnanna var aðskilið og sótthreinsað daglega ásamt öllum snertiflötum í leikskólanum. Foreldrar komu lítið inn í leikskólann til að vernda starfsmenn fyrir smiti og börnum var ávallt skilað á útileiksvæði. Covid-19 skipulagið



kenndi okkur margt gott sem við komum til með að halda í áfram. Minna leikefni og fámennari hópar sýndu að leikurinn varð dýpri og innihaldsríkar og það var meiri ró yfir barnahópnum. Áhersla verður áfram á handþvott og sóttvarnir á snertiflötum og búnaði. Foreldrar hrósuðu leikskólanum fyrir góða upplýsingagjöf á meðan á þessu stóð og einnig fyrir að börnin kæmu í tvo daga í einu, frekar en annan hvern dag. Foreldrar töldu að það væri minna rót fyrir börnin og betri samfella í skólastarfinu.

Þegar takmörkun á skólastarfi var aflétt tók nokkurn tíma að hrista saman barnahópin og starfsmannahópin. Allir voru óskaplega glaðir að koma aftur reglulega í leikskólann sinn.

Mannmargir viðburðir sem höfðu verið á ársáætlun voru felldir niður en við héldum samt sem áður útskrift í tveimur hollum í júní, með 2 metra fjarlægðarreglu hjá fullorðnum. Sumarhátíð Rofaborg var haldin 16. maí. Ekki er hefð fyrir því að foreldrar komi á þá hátíð. Hún gekk ljómandi vel. Við fengum góða gesti Sirkus Íslands til að skemmta börnunum en áður höfðu þau farið í skruðgöngu með fána, hristur og heimagerðar kórónur. Eftir það var farið í hið Árlega Rofaborgarhlaup. Allir fengu heimagerðan verðlaunapening fyrir.

Skipulagsdagur í lok maí fór í að gera umbótaáætlun deilda og skipuleggja næstu önn. Deildarstjórar sóttu námskeið hjá Barnaheill. Áformað er að innleiða forvarnarverkefnið Blær kemur í leikskólann haust 2020. Markmið með verkefninu er að kenna börnum umburðarlyndi og að vera virðingu fyrir margbreytileika. Að börnin læri að setja mörk, sýni hvert öðru umhyggju, verði hugrökk og bregðist við óréttlæti sem hugsanlega aðrir eru beittir.

Tvær eldri deildir leikskólans, Spóaland og Krummaland, halda áfram að innleiða samstarf sem hófst fyrir tveimur árum. Það felur í sér sameiginlegt val milli deilda og þátttaka í Hringekju sem eru verkefnahópar sem öll börn á deildinni taka þátt í. Í verkefnahópunum verður unnið með félagsfærni, Vináttuverkefni, hreyfingu og myndlist

Gleðifrætt barst okkur í júní. Rofaborg verður þátttakandi í samstarfi við Myndlistaskólann Reykjavík á vorönn 2021. Það eru börn fædd 2015 sem taka þátt í þessu verkefni. Farið er í hópum í myndlistarskólann við Hringbraut og þar eru unnin verkefni undir stjórn myndlistakennara og kennara Rofaborgar sem í leiðinn tileinka sér aðferðir og fræði kennara Myndlistakólans.

Í undirbúningi er að fara að stað með markvissa málörvun í framhaldi af skimun með Hljóm 2 sem gerð er með elstu börnunum. Verkefnið er fólgið í því að tryggja enn betur að námsferill barnanna sem fara úr leikskóla í grunnskóla sé samfelldur. Markvisst verður unnið með ýmis

hljóðgreiningarverkefni og námið sniðið að hæfileikum hvers og eins þannig að allir fái verkefni við hæfi. Unnið verður í litlum hópum, fastir hópar með sama kennara, tvisvar í viku fimmtán mínútur í senn. Að vori verður Hjóm-2 lagt aftur fyrir allann hópinn og þá má sjá árangur af verkefninu.

Í sumar standa yfir breytingar á Svanalandi sem er yngsta deildi leikskólans. Hægt og bítandi er verið að breyta henni í ungarnadeild. Lokaframkvæmdin er áætluð í ágúst 2020 sem er endurgerð á snyrtingu barna. Einnig á að gera stækkun á hvíldar- og kaffiaðstöðu starfsmanna sem felst í að snyrting starfsmanna við kaffistofu verður tekin og flutt á annan stað í húsinu. Snýrting og geymsla verða sameinuð og þar búin til bítibúrs horn fyrir kaffistofu með eldhúsinnréttingu og aðstöðu til að útbúa léttu rétti.



2 Innra mat deilda. Sjá skjal.

3 Ytra mat

Ekki var gert ytra mat í Rofaborg skólaárið 2019 - 2020

Reykjavíkurborg var með starfsmannakönnun í lok janúar og fram í febrúar 2020. Helstu niðurstöður úr könnuninni voru birtar á skalanum 1-5 og 5 er hæsta gildi. Það er einnig notast við litakvóta við birtingu á niðurstöðum. Niðurstöður yfir 4 fá græna niðurstöðu sem er mjög gott.

Hæfir og áhugasamir starfsmenn 4,25

Árangursríkir stjórnunarhættir 4,46

Starfsánægja 4,45

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi 4,39

Meðalskor þátta 4,38

Könnunin sýnir nánast alveg sömu niðurstöður og 2019 sem er afar ánægjulegt, því skor er alls staðar vel yfir 4.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Samtölin munu skiptast í eftirfarandi;

- Samtöl við deildarstjóra tvisvar á skólaári
- Nýliðasamtöl. Eiga sér stað eftir 4-6 vikur í starfi
- Samtöl við aðra starfsmenn. Einu sinni á ári
- Starfslokaspjall. Við starfsmenn sem hætta störfum.

Gróf áætlun um fræðslu starfsmanna 2020 -2021

- Áætlað er af það verði námskeið í Tákn með tali frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins haustið 2020 fyrir alla starfsmenn Rofaborgar.
- Deildarstjórar sem eiga eftir að sækja leiðtogaskólann fara væntanlega í námið verði það aftur í boði.
- Sérkennslustjóri sækir reglulega jafningjafræðslu sem þjónustumiðstöð Árbæjar- og Grafarholts stendur fyrir og er ætlað sérkennslustjórum í hverfinu.
- Í tengslum við innleiðingu á Menntastefnu Rvk. verður leitað til Miðju máls og læsis til að fá fræðslu um málörvun og læsi.
- Starfsmenn sækja fræðslu hjá Barnaheill í tengslum við innleiðingu á vinaverkefni.
- Fylgst verður vel með framboði á námskeiðum yfir skólaárið og sérstaklega horft til námskeiða og fræðslu sem tengjast félagsfærni.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Löng hefð er fyrir samvinnu Rofaborgar og Árbæjarskóla og má rekja samstarfið allt til ársins 1987.

Markmið samstarfsins er;

- Að stuða að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla í grunnskóla.
- Brúa bilið milli skólastiganna og stuðla að heildstæðu námi barna
- Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

Áætlun fyrir skólaárið 2020 -2021

September - Heimsókn leikskólabarna á bókasafn Árbæjarskóla. Starfsmaður bókasafnsins tekur á móti hópnum og les fyrir þau.

Október - Heimsókn nemenda í 1. bekk á leikskólana í um 2 klst. Börnin fá ávexti og taka þátt í leik með leikskólabörnunum.

Nóvember - Dagur íslenskrar tungu - Heimsókn leikskólabarna í hátíðarsal skólans. Börnin stíga á svið og flytja söng eða þulu sem er hluti af dagskrá hátíðarinnar.

Smiðjudagur fyrir leikskólabörn í Árbæjarskóla sem eru venjulega seinni partinn í nóvember.

Desember - Heimsókn leikskólabarna í skólann - Leikskólabörnin mæta í jólastund með 1. bekk.

Mars-apríl - Heimsóknir leikskólabarna í daglegt starf 1. bekkjar. Farið er inn í kennslustund, í matsal og í frímínútur.

Mái - Vorskóli fyrir væntanlega nemendur í Árbæjarskóla.

Júní - Rofaborg og 1. bekkur Árbæjarskóla fara saman í útikennslu á grenndarsvæði leikskólans.

Ferðin er skipulögð af kennurum Rofaborgar.



6 Foreldrasamvinna

Foreldraráð.

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs voru samþykktar 2014. Í foreldraráði Rofaborgar sitja 4 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Haustið 2020 þarf að kjósa nýjan fulltrúa í foreldraráðið eins og reglur gera ráð fyrir.

Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur séð um viðburði sem hafa það að markmið að efla félagsauð barna og foreldra í Rofaborg. Þar má nefna sveitarferð, fjölskylduhátíð og einnig hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkum við útskrift elstu barna.

Foreldrafundir

Foreldrafundur verður að hausti fyrir allar deildir í einu. Í júní sl. prófuðum við að hafa fund fyrir foreldra þeirra barna sem áformað var að myndu byrja í Rofaborg í ágúst og september. Þetta fyrirkomulag gafst vel og er því áformað að halda slíkan fund aftur í vor.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða á tímabilinu nóvember 2020 – maí 2021. Áætlað er að foreldrar barna sem hefja leikskólagöngu um haustið 2020 komi í viðtal fyrir áramót og einnig foreldrar þeirra barna sem skiptu um deild í sumar og haust, en það er u.þ.b. helmingur barna af hverri deild. Eftir áramót, á tímabilinu janúar – apríl 2021 koma foreldrar hinna barnanna sem og þeir sem vilja fá annað viðtal. Það hefur hentað vel að dreifa viðtölunum á nokkra mánuði og við leyfum foreldrum að velja tíma eftir kl. 14 á daginn.

Þáttaka foreldra í leikskólastarfinu.

- Jólakakó foreldra í byrjun desember
- Karlaheimsókn í kringum bóndadaginn. Þá bjóða börnin körlunum í lífi sínu að koma í leikskólann og eiga notalega stund.
- Kvennaheimsókn í kringum konudaginn. Þá bjóða börnin konunum í lífi sínu að koma í leikskólann og eiga notalega stund.
- Opið hús í apríl /maí.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á skólaárinu 2020-2021 eru þessir;

- 24. ágúst - Dagur sem frestaðist á vorönn 2020 vegna Covid-19 – Leikskólinn lokaður
- 29. september – Einnig í Árbæjarskóla – Leikskólinn lokaður
- 18. nóvember – Einnig í Árbæjarskóla – Leikskólinn lokaður
- 5. febrúar – Einnig í Árbæjarskóla – Leikskólinn lokaður
- 21. apríl – Skipulagsdagur í Rofaborg leikskólinn lokaður
- 23. apríl – Skipulagsdagur í Rofaborg – Leikskólinn lokaður
- 10. maí – Menntastefnuhátíð í Reykjavík – Leikskólinn lokaður, einnig grunnskólar

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021

Rofaborg

Umsögn foreldraráðs

Ólafur Jónsson
Sædís Sif Harðardóttir
Íris Dögg Gunnarsdóttir
Þórður Ingi Guðmundsson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Samantekt frá liðnu skólaári:

Leikskólastjóri greinir vel frá síðasta skólaári þar sem farið er yfir ýmis verkefni og áherslur leikskólans ásamt því að fara yfir þá samfélagslegu þætti sem höfðu mikil áhrif á starfið. Leikskólinn setur vel fram leiðarljós sín og áætlanir hvernig unnið sé út frá þeim í markvissu starfi. Niðurstöður úr starfmannakönnun komu fram, sem sýnir að starfsfólk er ánægt í starfi sem sýnir að vel var að öllu staðið á skólaárinu 2019-2020 þrátt fyrir ýmsar hindranir.

Starfsáætlun 2020-2021:

Áætlun um fræðslu starfmannna á vel við þau leiðarljós sem leikskólinn vinnur eftir ásamt tengingu við menntastefnu borgarinnar. Samstarf leikskólans við Árbæjarskóla er vel skipulagt og nær yfir ýmsa þætti til að efla börn, sem og starfmenn. Farið er yfir ýmsa þætti er varða foreldrasamstarf og er skipulag þess þáttar til fyrirmyndar. Skipulag skólans er vel sett fram er varðar skipulagsdaga og aðra viðburði ásamt því að umbótaáætlanir deilda eru vel unnar og tengjast inn í markmið og leiðarljós skólans. Sjá má að skólinn er óhræddur við að prófa nýjar aðferðir og rýna til gagns er varðar þá þætti sem mætti gera betur eða jafnvel gera öðruvísi. Í heildina er því starfsáætlun skólans skýr, raunhæf og vel unnin. Megi hindranir vera færri á þessu skólaári og starf skólans blómstra.





		Umbótaáætlun Svanalands 2020-2021 18. mán. – 3 ára				
Umbóta- þáttur/mat	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætl .	Ábyrgðaraðil i	Endurmat – hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málproski barna 18. mán. – 3 ára. Félagsþroski barna 18. mán. – 3. ára.	Styrkja börnin í að eiga góð samskipti og auka við orðaforða þeirra og málnotkun.	- Efla börn í félagslegum samskiptum í gegnum leikinn, og auka við orðaforða þeirra með því að fara inn í leik þeirra og spjalla við þau, vera virkur í leiknum. - Nota sem mest TMT tákinn þegar við tölum við börnin það hjálpar þeim sem eru sein í máltöku. - Lubbi verður inn í samverustundum. Það verður unnið með eitt máhljóði á viku á hverjum degi. Nota myndir með hverju máhljóði. - Gefa hverju barni 10 mínútur á dag í lestri fyrir hvert og eitt t.d. í fataklefa. Nota öll tækifæri til að lesa og skoða bækur. Lesið og sungið og spjallað í samverustundum. Mikilvægt að setja orð á athafnir það eykur orðaforða. - Leggja inn 4 tákn TMT á viku í samverustundum. Syngja með táknum. - Á vorönn 2021 verður tekið upp flæði. Þá fara yngstu börnin í heimsókn á aðrar deildir.	Ágúst 2020 – júní 2021 Okt. 2020 – júní '21 Sept. '20 – júní '21 Sept. '20-júní '21 Okt. 2020 – júní '21 Feb. '21 – júní '21	Deildarstjóri Svanalands.	Umræður á deildarfundum 2-3 sinnum á önn. Skráning á 10 mín. reglunni. TRASS skránn	Að félagsleg samskipti barnanna eflist, auka samkennd og virðingu fyrir hvert öðru. Auka orðaforða og almennan málþroska.

		Umbótaáætlun Þrastalands og Lóulands 2020-2021 3 – 4 ára				
Umbóta- þáttur/mat	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætl.	Ábyrgðaraðili	Endurmat – hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málþroski barna 3-4 ára.	Auka málþroska barnanna.	- Auka lestur með barnahópnum og skipta börnunum í hópa eftir getu. - Auka notkun á þulum, vísum, rími og syngja meira. - Gef börnunum tækifæri að koma fram fyrir hópinn, semja sjálf og segja frá. - Gefa hverju barni 10 mínútur á dag í samtal með starfsmanni. - Lesið fyrir hvert og eitt einstaklingslega markvisst yfir daginn.	September 2020– maí 2021	Deildarstjóri ásamt samvinnu við aðra starfsmenn deildarinnar.	Umræður á deildarfundum 2-3 sinnum á önn. Skráning á 10 mín. reglunni. TRASS skráng	Gera börnum kleift að tjá skoðanir, þarfir og tilfinningar sínar sem styrkir sjálfsmynd þeirra. Einnig að þau geti lesið í umhverfið.
Félagsfærni barna 3 -4 ára.	Styrkja félagsfærni barnanna.	- Vinna með hlutverkaleik í hópastarfi. Kennarinn tekur virkan þátt í leiknum. - Efla frjálsan leik með föstum hópum og breytilegum.	September 2020– maí 2021	Deildarstjóri ásamt samvinnu við starfsmenn deildarinnar.	Skráningar innan hvers hóp. Á deildarfundum og rætt og endurmat. um áramót	Góð félagsfærni barna. Efla samkennd og virðingu.
Sjálfsbjarga barna.	Að börnin verði meira sjálfsbjarga í daglegum athöfnum.	- Hvetja börnin til að gera sjálf í daglegum athöfnum. - Að þau fái tækifæri til að klæða sig sjálf eins og þroski þeirra segir til um. - Verði sjálfsbjarga við matarborðið, smyrji sjálf, brytji matinn og gangi sjálf frá. - Reyni að bjarga sér sem mest sjálf á klósettinu.		Deildarstjóri ásamt samvinnu við aðra starfsmenn deildarinnar.	Skráningarblað sem verður skráð niður geta barnanna að hausti, um áramót og að vori.	Að börnin geti bjargað sér sjálf. Það styrkir sjálfsmynd-

		Gefum þeim góðan tíma og endalausa þolinmæði.				Ina.
--	--	---	--	--	--	------

		Umbótaáætlun Krummalands 2020-2021, 4-5 ára.				
Umbóta- þáttur/mat	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætl .	Ábyrgðaraðili	Endurmat – hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Þáttaka barna í leikskóla- starfinu	Virkni og þátttöku barna til að móta og hafa áhrif á umhverfi sitt. Stuðla að því að börnin fari eftir settum reglum ef þau eiga þátt í að móta þær.	- Setjast niður með börnunum og skrá niður hugmyndir þeirra að reglum hvernig á að koma fram við aðra. - Gera samskiptasáttmála með börnunum.	Septembe r – júní 2021.	Deildarstjóri ásamt samvinnu við starfsmenn deildarinnar.	Fara aftur í hóp með börnunum og kanna hvernig hefur gengið, einu sinni á önn. Árangur mældur út frá svörum barnanna og reynslu kennara.	Börnunum líði vel í leikskólanu m og séu þátttakendur í að búa til reglur. Milli barna ríki virðing og samkennd.
Virknir starfsmanna í leikjum barna.	Styrkja börn sem eru slök í leik og efla öryggi þeirra, málaskilning og félagsfærni. Það auðveldar kennurum að hafa yfirsýn yfir leikinn og koma í veg fyrir einelti.	- Kennarar leiki við börnin og setji orða á athafnir í leiknum án þess að taka stjórnina á leiknum. - Vera vakandi yfir því að einstaka barn getur verið óvirkt og átt erfitt í leiknum, grípa þá inn í.	Septembe r – júní 2021.	Deildarstjóri ásamt samvinnu við starfsmenn deildarinnar.	Endurmat á deildarfundum. Rætt um gang mála og framfarir. Skráningar á árangri.	Virkir og ábyrgir starfsmenn með góða yfirsýn.

Gagnrýnin hugsun og Barnasáttmálinn	Að börnin skilji og þekki réttindi sín.	Með aukinni umfjöllun og fræðslu. Taka einn þátt barnasáttmálans fyrir í hverri viku.	Septembei – júní 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Endurmat með spurningum til barnanna og á deildarfundum.	Vel upplýst og börn sem fá tækifæri til að eiga samtál um réttindi sín.
Hópefli og félagsfærni.	Auka vináttu og kenna börnunum umburðarlyndi .	Fara í samvinnuleiki með börnunum í getuskiptum hópum.	Septembei – júní 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Endurmetið með skráningu sem er skoðuð í lok hvernar annar. Árangur barnanna metinn út frá skráningum.	Félagslega fær börn sem bera virðingu fyrir hvort öðru.
Málörvun og málnotkun.	Ýta undir áhuga á lestri, auka orðaforða og skilning á íslensku máli.	- Auka einstaklingslestur og þá lesin bók við hæfi hvers og eins. - Nota myndir, hluti og leik samhliða lestri stórum hóp. 10 min. reglan notuð við hvert barn daglega til að efla það og styrkja í íslensku.	Septembei – júní 2021	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Setja upp lista með nöfnum allra barna og hver starfsmaður skráir hvenær hann á samræður við barnið.	Börn með gott vald á íslensku og með ríkan orðaforða.

		Umbótaáætlun Spóalands 2020-2021, 4-5 ára.				
Umbóta- þáttur/mat	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætl .	Ábyrgðara ðili	Endurmat – hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málproski og læsi	Að örva málþroska og læsi barna á einstaklings- miðaðan hátt. Lubbi finnur málbeinið verði markvissari vinna. Innleiða Tákn með tali.	• Skipta barnahópnum niður í minni hópa eftir þörfum barna og hver kennari ber ábyrgð á sínum hóp. • Val á bókum verði markvissari út frá félagsfærni og boðskap tengdum nútímasamfélagi. • Auka læsi og málþroska með því að lesa og vinna með sömu bókina í tvær vikur í senn. • Skipta í hópa. Lesa bók og vinna verkefni í tengslum við sögubrúðinn. • Vinna með Lubba finnur málbeinið. Vera með málhljóð vikunnar og vinna markvisst með það. • Byrja að kynna málhljóðið í samveru og gera Lubbahefti. • Notkun á Tákn með tali. Starfsmenn fari á námskeið TMT. Höfum tákn á veggjum og tákn vikunnar. Starfsfólk noti TMT í þeim tilgangi að efla málþroska barna. •	Sept. '20 – júní ,21	Deildarstjó ri ber ábyrgð. Allir starfsmenn framkvæm a og meta. Eva ber ábyrgð á TMT stundum og tákni vikunnar.	Rætt og metið á deildarfundum.	Að almennur málþroski aukist. Að orðaforði eflist og skilningur dýpki.
Frjáls og sjálfsprottin n leikur	Að börnin fái algjört frelsi í leik inni á deild.	• Setja fáar, skýrar og einfaldar reglur. Allir leika með allt. Allir taka saman.	Sept. '20 – júní ,21	Deildarstjó ri ber ábyrgð. Allir starfsmenn framkvæm a og meta	Rætt og metið á deildarfundum.	Að félagsleg samskipti barnanna eflist, auka samkennd og virðingu fyrir hvert öðru.

--	--	--	--	--	--	--